

Norðurá bs.
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 23. október 2019

UST201901-213/S.M.

08.14.02

Reglubundið seinna eftirlit á urðunarstað Norðurár bs.


Þann 2. október sl. fór fram reglubundið seinna eftirlit á urðunarstað Norðurár bs. í Stekkjarvík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.


Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldri frávik er varða magn úrgangs og virkni hreinsivirkis.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávik komu fram er varðar:

1. Gr. 1.10 í starfsleyfi. Einu sinni á ári skal rekstraraðili boða fulltrúa Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar á samráðsfund. Fundur var ekki haldinn 2018. **Samráðsfundur var haldinn þann 7. nóvember s.l. og telst frávikinu því lokið.**

Virðingarfyllt


Sigríður Magnúsdóttir


Frigg Thorlacius

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands Vestra

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurá Stekkjarvík Stekkjarvík



Dags eftirlits	2.10.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Norðurá Stekkjarvík	Eftirlitsmaður	Frigg Thorlacius
Heimili	Skagfirðingabraut 17	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5602060620	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús B. Jónsson	ÍSAT nr.	38.21
Fulltrúi fyrirtækis	Fannar Viggósson	Staðsetning	441620,709 580284,876

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt frávik frá starfsleyfi er varðar samráðsfund. Eitt eldra frávik vegna virkni hreinsivirkis helst opið og hefur stofnunin óskað eftir nýrri úrbótaáætlun vegna þessa. Unnið er eftir úrbótaáætlun vegna magns úrgangs. Úrbætur vegna grunnvatnsbrunnns og mælinga á yfirborðsvatni voru staðfestar í eftirliti.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundið eftirlit með starfsleyfi urðunarstaðar Norðurá í Stekkjarvík og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2)
2. Samráðsfundur (gr. 1.10)
3. Umhverfi og takmörkun aðgangs (gr. 2.1)
4. Umhverfismarkmið
5. Frávik og úrbótaáætlun vegna fyrra eftirlits 2019
6. Skoðunarferð um urðunarstaðinn

Rætt var um umfang starfseminnar það sem af er árinu og hvort einhverjar breytingar væru á döfinni. Við eftirlit höfðu tæp 19.500 tonn af úrgang verið urðuð. Heimilt er að urða 21.000 tonn af almennum og óvirkum úrgangi á ári og því nokkrar líkur á því að magn urðaðs úrgangs verði umfram heimildir fyrir árið 2019.

Einu sinni á ári skal rekstraraðili boða til samráðsfundar, sbr. gr. 1.10 í starfsleyfi, samráðsfundur var ekki boðaður árið 2018.

Rekstraraðili lagði fram umhverfismarkmið í samræmi við gr. 2.3 í starfsleyfi.

Farið var yfir síðustu eftirlitsskýrslu, frávik og úrbótaáætlun vegna fyrra eftirlits 2019. Rekstraraðili sendi inn úrbótaáætlun þann 11. september s.l. og drög að vöktunarskýrslu voru afhent í eftirliti nú. Í fyrra eftirliti ársins kom fram frávik vegna hækkaðra gilda á m.a. olíu og fitu í mælingum ofan og neðan hreinsivirkis sem gefur til kynna að hreinsivirki sé ekki að virka sem skyldi. Rekstraraðili setti niður nýjan mælibrunn neðan hreinsivirkis og voru fyrstu mælingar gerðar í honum í ágúst s.l. Niðurstöðurnar sýna að gildi meira en helmings mælipáttanna í mælingu á samsetningu sigvatns eru hærrí í brunni neðan hreinsivirkis en ofan þess. Niðurstöðurnar gefa því til kynna að hreinsivirkið sé ekki að virka sem skyldi. Frávikið helst því opið og óskað hefur verið eftir nýrri úrbótaáætlun frá rekstraraðila. Rekstraraðili vinnur eftir úrbótaáætlun vegna fráviks um magn úrgangs, en samkvæmt áætluninni er unnið að umsókn um breytingu á starfsleyfi sem felur í sér aukningu umfangs. Staðfest var í eftirliti að bætt hefur verið úr frávikum vegna grunnvatnsbrunnns og mælinga á yfirborðsvatni.

Farið var í skoðunarferð um urðunarstaðinn og ekki var tilefni til athugasemda að þessu sinni.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

gr. 1.10 í starfsleyfi

Einu sinni á ári skal rekstraraðili boða fulltrúa Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar á samráðsfund. Fundur var ekki haldinn árið 2018.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 23.10.2019

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir